



FJÖLMIÐLANEFND

2. mars 2022

Ákvörðun nr. 1/2022

Beiðni Vilhelms Róberts Wessman um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla vegna umfjöllunar um hann á vef Mannlífs 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 21. febrúar 2022 frá Lögmannsstofunni Valdimarsson fyrir hönd umbjóðanda hennar, Vilhelms Róberts Wessman (hér eftir kvartandi). Í kvörtuninni var krafist íhlutunar Fjölmiðlanefndar á hendur félaginu Sólartúni ehf. (hér eftir Sólartún) og Reyni Traustasyni vegna synjunar um andsvör við umfjöllunum fjölmiðilsins Mannlífs um kvartanda sem birtust 27. og 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022. Sólartún er fjölmiðlaveita Mannlífs og er í 75% eigu félagsins Góðs punkts ehf. sem er í 100% eigu Reynis Traustasonar. Reynir er jafnframt ritstjóri Mannlífs. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um rétt til andsvara.

Í kvörtuninni kom fram að Mannlíf hafi staðið fyrir ítarlegri umfjöllun um kvartanda sem ætti ekki við rök að styðjast að hans mati. Telur kvartandi að Mannlíf sé í einhvers konar herferð gegn sér og að fyrir liggi að hans mati að fjölmiðlaveita miðilsins, Sólartún, fái greitt fyrir þá umfjöllun. Hafi sú umfjöllun verið kærð til nokkurra yfirvalda og nefnda. Að mati kvartanda hafi Sólartún og ritstjóri Mannlífs reynt að bendla hann við meint innbrot á skrifstofur Mannlífs þrátt fyrir ítrekuð mótæli kvartanda þar um. Hafi kvartandi margsinnis reynt að koma á framfæri andsvörum með takmörkuðum eða engum árangri. Í kvörtuninni var gerð grein fyrir í hvaða greinum á vef Mannlífs kvartandi teldi að farið hafi verið með rangt mál. Ekki hafi verið gætt að hlutleysi eða heimildum og væri umfjöllunin bæði óvönduð og oft bersýnilega röng með annarlegan hvata að leiðarljósi að mati kvartanda. Með kvörtuninni fylgdu skjáskot af umfjöllunum Mannlífs um kvartanda frá 27.



FJÖLMIÐLANEFND

og 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022, skjáskot af tölvupóstsamskiptum lögmanns kvartanda við ritstjóra Mannlífs og lögmann hans, og afrit af viðbót við kæru til Blaðamannafélags Íslands.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

Fjölmiðlanefnd taldi ekki með öllu skýrt hvaða andsvörum kvartandi vildi koma á framfæri vegna umfjöllunar á vef Mannlífs og óskaði því eftir frekari upplýsingum með tölvupósti 22. febrúar 2022. Svar barst daginn eftir, 23. febrúar 2022, þar sem kvartandi tilgreindi þau ummæli sem hann teldi vera röng og hvaða andsvörum hann vildi koma á framfæri. Í svarbréfinu kom fram að umfjöllun á vef Mannlífs innihéldi fullyrðingar um að kvartandi eða einhver á hans vegum hafi verið viðriðinn hið meinta innbrot á skrifstofur Mannlífs. Í greinum á vef Mannlífs væri því jafnframt haldið fram að kvartandi eða einhver á hans vegum hafi gögn undir höndum sem rekja mætti til hins meinta innbrots. Þessar fullyrðingar væri rangar að mati kvartanda. Grein á vef Mannlífs sem birtist 27. janúar 2022 hafi verið sú eina sem hafi verið leiðrétt að hluta til eftir beiðni kvartanda þess efnis. Ítrekað var að kvartandi hafi margsinnis reynt að koma á framfæri andsvörum og krafist leiðréttinga með takmörkuðum eða engum árangri. Í svarbréfinu var síðan gerð nánari grein fyrir því hvaða andsvörum kvartandi vildi koma á framfæri vegna umfjöllunar á vef Mannlífs:

„Ummæli sem umbj. minn hefur ekki fengið leiðrétt, þrátt fyrir tilraunir þess efnis:

29.01.2022 Innbrotin í Ármúla og Úlfarsárdal: Farsímar notaðir við að komast inn á ritstjórnarkerfi Mannlífs:

„Meðal greina á vinnslustigi, sem eytt var, var umfjöllun um auðmanninn Róbert Wessman sem þó hefur upplýst að hann hafi undir höndum trúnaðargögn af þeim toga sem voru tekin í seinna innbrotinu“

Krafa um leiðréttingu hunsuð (fskj. 6 og 7, bls. 3) *Umbj. minn býr ekki yfir gögnum*

29.01.2022 Innbrotið í Ármúla: „Ég veit hver þú ert og hvað þú gerðir“:

„Róbert hefur nú stigið fram og kveðst í yfirlýsingu búa yfir gögnum, sem auðvelt er að rekja til ránsins. Þar með er hann formlega grunaður.“



FJÖLMIÐLANEFND

Krafa um leiðréttingu hunsuð (fskj. 6 og 7, bls. 3) Umbj. minn býr ekki yfir gögnum og er ekki grunaður

13.02.2022 Svafa Grönfeldt ætlar að bera vitni: Svarar spurningum um meinta líkamsárás Róberts á Phil Price:

„Hann segist aftur á móti búa yfir gögnum úr bókhaldi Sólartúns, útgefanda Mannlífs, en gefur ekki upp hvaðan þau komi.“

Krafa um leiðréttingu hunsuð (fskj. 10) Umbj. minn býr ekki yfir gögnum

17.02.2022 Vitni staðfestu líkamsárásir Róberts við Fréttablaðið – Svafa vonaði að „þetta fréttist ekki“:

„Ítrekað skal að Róbert Wessman, sem býr yfir trúnaðargögnum úr bókhaldi útgáfufélags Mannlífs að eigin sögn,“

Krafa um leiðréttingu hunsuð (fskj. 12) Umbj. minn býr ekki yfir gögnum og hefur aldrei sagt að svo sé

Ítrekað var í svarbréfinu að kvartandi teldi að farið hafi verið með rangt mál í fyrrgreindum greinum á vef Mannlífs og að ekki hafi verið gætt að hlutleysi eða heimildum. Væri umfjöllunin bæði óvönduð og oft bersýnilega röng með annarlegan hvata að leiðarljósi að mati kvartanda. Í samskiptum við ritstjóra Mannlífs og lögmann hans hafi verið óskað eftir því að hætt yrði að bendla eða eftir atvikum saka kvartanda um hið meinta innbrot. Hafi verið farið fram á það að allar greinar Mannlífs þar sem kvartandi væri sakaður um fyrrgreinda háttsemi yrðu leiðréttar. Með svarbréfinu fylgdu skjáskot af umfjöllunum Mannlífs um kvartanda frá 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022, skjáskot af tölvupóstsamskiptum lögmanns kvartanda við ritstjóra Mannlífs og lögmann hans, og afrit af yfirlýsingu Aztiq, fjárfestingafélags kvartanda, sem send var fjölmiðlum vegna umfjöllunar Mannlífs um hann.

Fjölmiðlanefnd óskaði eftir sjónarmiðum Sólartúns með tölvupósti þann 25. febrúar 2022 vegna beiðni kvartanda um rétt til andsvara. Svör Sólartúns bárust 28. febrúar 2022.

Í þeim kemur m.a. fram að brotist hafi verið inn í bifreið ritstjóra Mannlífs og á skrifstofur fjölmiðilsins í janúar 2022. Tæpri viku seinna hafi kvartandi sent frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla þar sem upplýst var um kærur hans vegna umfjöllunar Mannlífs um hann. Í þeirri yfirlýsingu hafi komið fram að kvartandi hafi fengið staðfest að Sólartún hafi þegið greiðslur frá Skrúðási ehf.



FJÖLMIÐLANEFND

vegna þessara umfjallana. Ekki hafi komið fram í yfirlýsingunni hvernig kvartandi hafi fengið þetta staðfest en síðar hafi hann sagt að þær upplýsingar hafi komið frá heimildarmanni. Þar sem upplýsingarnar væru úr bókhaldi Sólartúns og hafi verið stolið í innbrotinu á skrifstofur Mannlífs væri ljóst að mati Sólartúns að gögnin hefðu ratað í hendur kvartanda. Rannsókn lögreglu bendi sömuleiðis til þess að mati Sólartúns. Greint hafi verið frá yfirlýsingu kvartanda í Mannlífi þar sem hann virtist lýsa því yfir að hann hefði fengið gögn úr innbrotinu í hendur. Í framhaldinu hafi athugasemdir borist frá kvartanda þess efnis að hann hefði engin gögn undir höndum. Var óskað eftir því að umfjallanir á vef Mannlífs yrðu leiðréttar. Að mati Sólartúns væri ekki hægt að taka undir beiðni kvartanda um leiðréttingu umfjallana þegar þær byggðu á yfirlýsingu hans sjálfs. Hafi oft verið tekið fram í umfjöllunum á vef Mannlífs að kvartandi væri og hafi lýst sig saklausan af umræddu innbroti. Þegar af þeirri ástæðu væri ekki hægt að verða við beiðni hans um andsvör. Að mati Sólartúns fælist annað og meira í beiðni kvartanda en að leiðréttu staðreyndir. Þá hafi kvartandi ekki fært rök fyrir því að æra hans eða orðspor hafi beðið tjón.

III. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir í 1. mgr. að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðréttu staðreyndir málsins.
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðréttu staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni.
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.
- d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.



FJÖLMIÐLANEFND

Í ákvæði 36. gr. kemur jafnframt fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því Fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um fjölmiðla. Á hinn bóginn er ljóst að rétturinn er háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá leiðir af a- og b-lið ákvæðisins að fjölmiðlaveitu er heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Eins og fram kemur í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla eru með þessu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Því er ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallar um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB, sem síðast var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB. Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. laga um fjölmiðla, auk þess sem Fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 36. gr. Þá er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar, sbr. 5. mgr. 54. gr. laganna.

Fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna.

IV. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

Réttur til andsvara samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur líkt og fyrr greinir að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Að baki ákvæðinu búa þau grunnrök að



FJÖLMIÐLANEFND

aðili, sem fjallað er um í fjölmiðli, fái komið að sjónarmiðum sínum og eigi rétt til andsvara telji hann að á honum hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Eins og ráða má af ákvæðinu lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað. Við matið kann þó að hafa þýðingu hvort viðkomandi hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við fjölmiðil áður en efni var miðlað, enda hefur markmiði andsvarsréttarins þá í reynd verið mætt, a.m.k. að einhverju leyti.

Auk framangreinds er ljóst af því sem rakið er í III. kafla hér á undan að réttur til andsvara lýtur ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmiðlaveitu er þannig heimilt að synja beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting.

Líkt og áður greinir hefur kvartandi farið fram á að koma að andsvörum við nánar tiltekin ummæli í umfjöllunum á vef Mannlífs sem birtust 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022.

Að því er varðar athugasemdir við grein á vef Mannlífs sem birtist 29. janúar 2022 undir fyrirsögninni „Innbrotin í Ármúla og Úlfarsárdal: Farsímar notaðir við að komast inn á ritstjórnarkerfi Mannlífs“ er sérstaklega tekið fram að „lögfræðingar“ kvartanda hafi „staðfastlega fullyrt að hann eigi enga aðkomu að innbrotunum“ en neiti að svara spurningum Mannlífs að öðru leyti. Er andsvörum kvartanda, þess efnis að hann hafni aðkomu að innbrotunum á ritstjórnarskrifstofur Sólartúns, þar sem trúnaðargögn munu hafa verið tekin ófrjálsri hendi, að því leyti komið á framfæri í greininni. Jafnframt felur orðalag greinarinnar ekki í sér staðhæfingu um að kvartandi hafi undir höndum gögn sem tekin voru ófrjálsri hendi á ritstjórnarskrifstofum Sólartúns, heldur er sá fyrirvari gerður að trúnaðargögn sem greinarhöfundur telur kvartanda hafa undir höndum séu „af þeim toga“ sem tekin voru í innbroti á skrifstofur Mannlífs. Með því að setja þá fyrirvara við umfjöllun Mannlífs sem að framan greinir og geta athugasemda lögfræðinga kvartanda við fyrrgreinda grein telur Fjölmiðlanefnd að lágmarkskröfur um rétt til andsvara geti talist uppfylltar. Í ljósi framangreinds telur Fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að verða við beiðni kvartanda um andsvar við fyrrgreindum ummælum.

Varðandi þær athugasemdir sem gerðar eru af hálfu kvartanda við grein á vef Mannlífs sem birtist 29. janúar 2022 undir fyrirsögninni „Innbrotið í Ármúla: „Ég veit hver þú ert og hvað þú gerðir““ kemur fram í umfjölluninni að kvartandi hafi „lýst yfir sakleysi sínu varðandi aðild að innbrotunum“ og að hann sé „saklaus uns annað sannast“. Einnig kemur fram að allir njóti „þess þó að vera saklausir þar til sönnunargögn sýna fram á annað“. Er andsvörum kvartanda þess efnis



FJÖLMIÐLANEFND

að hann hafni aðkomu að innbrotum á ritstjórnarskrifstofur Sólartúns, þar sem trúnaðargögn munu hafa verið tekin ófrjálsri hendi, að því leyti komið á framfæri í greininni. Jafnframt felur orðalag greinarinnar ekki í sér staðhæfingu um að kvartandi hafi undir höndum gögn sem tekin voru ófrjálsri hendi á ritstjórnarskrifstofum Sólartúns, heldur er sá fyrirvari gerður að trúnaðargögn sem greinarhöfundur telur kvartanda hafa undir höndum sé „auðvelt að rekja til ránsins“. Með því að setja þá fyrirvara við umfjöllun Mannlífs sem að framan greinir og geta athugasemda kvartanda hvað aðkomu að innbrotum varðar telur Fjölmiðlanefnd að lágmarkskröfur um rétt til andsvara geti talist uppfylltar. Í ljósi framangreinds telur Fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að verða við beiðni kvartanda um andsvar við fyrrgreindum ummælum.

Að því er varðar athugasemdir við grein á vef Mannlífs sem birtist 13. febrúar 2022 undir fyrirsögninni „Svafa Grönfeldt ætlar að bera vitni: Svarar spurningum um meinta líkamsárás Róberts á Phil Price“ er sá fyrirvari settur við umfjöllunina um að kvartandi hafi „lýst því yfir að hann eigi ekki aðild að innbrotunum hjá Mannlífi“. Er andsvörum kvartanda, þess efnis að hann hafni aðkomu að innbrotum á ritstjórnarskrifstofur Sólartúns, þar sem trúnaðargögn munu hafa verið tekin ófrjálsri hendi, að því leyti komið á framfæri í greininni. Með því að setja þá fyrirvara við umfjöllun Mannlífs sem að framan greinir og geta athugasemda kvartanda hvað aðkomu að innbrotum varðar telur Fjölmiðlanefnd að lágmarkskröfur um rétt til andsvara geti talist uppfylltar. Í ljósi framangreinds telur Fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að verða við beiðni kvartanda um andsvar við fyrrgreindum ummælum.

Að lokum gerir kvartandi athugasemdir við grein á vef Mannlífs sem birtist 17. febrúar 2022 undir fyrirsögninni „Vitni staðfestu líkamsárásir Róberts við Fréttablaðið – Svafa vonaði að „þetta fréttist ekki““. Við umfjöllunina er settur fyrirvari um að kvartandi hafi gefið út „opinbera yfirlýsingu um að vera saklaus að innbrotunum“ á skrifstofur Mannlífs. Er andsvörum kvartanda, þess efnis að hann hafni aðkomu að innbrotum á ritstjórnarskrifstofur Sólartúns, þar sem trúnaðargögn munu hafa verið tekin ófrjálsri hendi, að því leyti komið á framfæri í greininni. Með því að setja þá fyrirvara við umfjöllun Mannlífs sem að framan greinir og geta athugasemda kvartanda hvað aðkomu að innbrotum varðar telur Fjölmiðlanefnd að lágmarkskröfur um rétt til andsvara geti talist uppfylltar. Í ljósi framangreinds telur Fjölmiðlanefnd ekki ástæðu til að verða við beiðni kvartanda um andsvar við fyrrgreindum ummælum.

Af framangreindu leiðir að lágmarkskröfur um andsvör teljast uppfylltar af hálfu Sólartúns með þeim fyrirvörum sem gerðir voru í umfjöllunum Mannlífs um kvartanda sem birtust þann 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022. Hafi athugasemdum kvartanda og, eftir atvikum, lögmannna kvartanda, þess efnis að hann hafni aðkomu að innbrotum á ritstjórnarskrifstofur Sólartúns, verið



FJÖLMIÐLANEFND

komið á framfæri í umfjöllun fjölmiðilsins um málið. Fjölmiðlanefnd áréttar engu að síður mikilvægi þess að fjölmiðlar sannreyni staðhæfingar um einstaklinga sem auðkenndir eru með beinum eða óbeinum hætti í fjölmiðlum. Því alvarlegri sem slíkar staðhæfingar eru, þeim mun traustari þarf staðreyndagrunnurinn að vera. Á þetta ekki síst við um fréttir sem birtast á netinu, í ljósi dreifingarmöguleika og langs líftíma slíkra fréttu.

V. Ákvörðunarorð

Kvartandi, Vilhelm Róbert Wessman, á ekki frekari rétt til andsvara á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla þar sem lágmarkskröfur um andsvör teljast uppfylltar af hálfu Sólartúns ehf. með þeim fyrirvörum sem gerðir voru í umfjöllunum Mannlífs um kvartanda sem birtust þann 29. janúar og 13. og 17. febrúar 2022.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson